

VIKAN

MEDAL ANNARS EFNIS:




Þegar þjófarnir grafa þýfið sitt
Fullhugi fyrir hundrað árum
Regndrottningin í Suður-Afríku

TVÆR SMÁSÖGUR:

Þetta fjárans kvenfólk
Einmana maður í stóru húsi

Eartha Kitt: Það er erfitt að vera frægur



Veggteppið sem hlaut heiðurs-
verðlaun í Þýzkalandi. Sjáið
HEIMILISSÍÐUNA

HEIMILIÐ

RITSTJÓRI: ELÍN PÁLMAÐÓTTIR

ÍSLENZKIR MUNIR á listiðnaðarsýningu

Í fyrrasumar komu Norður-landabjóðirnar upp listiðnaðarsýningum, hver í sínu landi, og fylltu marga sali með vönduðum og listrænum nýunnum munum. Þegar maður sér slíkar sýningar, hlýtur maður að finna til þess hve sorglega lítið hefur fram að þessu verið um vandaðan og frumlegan listiðnað hér á landi — jafnvel þó miðað sé við þennan margumtalaða fólksfjölda.

En nú hefur það sannast með þátttöku Íslands í alþjóðlegri sýningu á listiðnaði, að það litla sem hér er gert af slíkum munum, er fyllilega sambærilegt við listmuni annarra þjóða, og að til er hér á landi lítill hópur smekkvísra og all frumlegra listiðnaðarmanna, sem ekki láta mikið á sér bera, en vinna hver í sínu horni — vefararnir heima á heimilum sínum, silfur-smiðirnir í litlum verkstæðum sínum, húsgagnateiknararnir við vinnuborðin sín og hannyrðakonurnar sitjandi heima í stofunum sínum.

Íslenzka deildin á Listiðnaðarsýningunni í München í vor fékk hina beztu dóma almennings og kunnáttumanna fyrir listrænt og vandað handbragð og allan tímann, sem sýningin stóð yfir, var jafnan mikil aðsókn að henni, en sýninguna sóttu um 250 þús. manns. Yfir 30 lönd utan Þýskalands tóku þátt í henni.

Í íslenzku deildinni var þó ekki eingöngu sýndur nýr listiðnaður. Þar var líka komið fyrir nokkrum gömlum smíðisgripum úr silfri, sem Þjóðminjasafnið hafði lánað. Það var aðallega tveggja til þriggja alda gamalt silfur og baldýring.

Þrjónlesið frá „Ísl. heimilisíðnaði“ vakti mikla athygli. Sveinn Guðmundsson, formaður Íslendingafélagsins í München, en meðlimir þess skiptust á um vörzlu deildarinnar, segir í bréfi til Lúðvígs Guðmundssonar, formanns „Íslenzkrar listiðnar“, að „engin kona hafi komið á sýningu okkar, án þess að fyllast aðdáun á ísl. langsjölnum og hyrnunum.“ Þessi sjöl munu hafa verið unnin úr þeli og í sauða- og jurtalitunum.

Silfur- og gullgripirnir voru smíðaðir af Ásdísi Thoroddsen, Steindóri og Jóhannesi, Guðm. heitnum Guðnasyni, Öskari Gíslasyni, Jóhannesi Jóhannes-

syni, Gunnari Bernharð, Kjartani Ásmundssyni og auk þess voru nokkrir smíðisgripir eftir Baldvin heitinn Björnsson og Torfhildi Dalhoff. Smeltir gripir, skálar og skartgripir, voru gerðir af Jóh. Jóhannessyni og Sigrúnu Gunnlaugsdóttur og ein trémynd var þarna eftir Jón Benediktsson.

Af húsgögnum voru á sýningunni borð, teiknað af Sveini Kjarval húsgagnaarkitekt, en á því var messingplata, sem unnar voru í myndir með sýrum, teiknaðar af Barböru Árnason.

Hinar handunnu ullaervoðir Júlíönu Sveinsdóttur listmálara og Guðrúnar Jónasdóttur þóttu mjög fallegar og Barbara Árnason átti þarna ásaumað vegg-tjald og skerm, af þeirri gerð sem áður hefur birt mynd af hér á síðunni. Ennfremur var á sýningunni myndvefnaður eftir Vigdís Kristjánsdóttur.

EN Þó margir fyrrnefndra gripa séu bæði fallegir og vel unnir, þá voru það tveir myndvefnaðir eftir Ásgerði Ester Búadóttur, sem að loknu mati dómnefndar færðu ísl.

deildinni heiðursskjal og höfundu þeirra heiðurspening úr gulli, en slíka viðurkenningu fá aðeins örfáir gripir á þessari sýningu.

Þar sem mig langaði til að fá frekari fregnir af þessari „tómstundaiðu“ frá Ásgerðar, lagði ég leið mína inn á Langholtið, þar sem hún býr ásamt manni sínum, Birni Th. Björnssyni listfræðingi, og tveimur sonum þeirra, þriggja og átta ára gömlum.

Eftir að Ásgerður hafði tekið það fram, að um þetta væri ekkert að segja og að dagblöðin væru búin að skrifa allt sem máli skipti, bauð hún mér inn.

Á veggnum blasti við mér stórt nýfið teppi. Ég rak upp stór augu. Teppið var byggt úr óhlutlægum formum — hvergi sást votta fyrir stúlkumynd eða neinu þessháttar.

— Svo þér eruð alveg komnar yfir í abstrakt myndbyggingu, varð mér að orði.

— Já, það er mjög eðlilegt og kemur af sjálfu sér. Mér finnast teppin sem ég sendi á sýninguna í rauninni of gömul. Það eru þrjú eða fjögur ár síðan að ég óf þau. Maður vex óhjákvæmilega frá sínum fyrri tjáningarformum.

Annars finnst mér þetta enn vera á tilraunastigi hjá mér. Ég er að þreifa mig áfram.

— Hvaða litir eru í teppinu, sem myndin er af? Og eru þessi teppi á sýningunni stór?

— Nei, þau eru bæði lítil, rétt eins og meðalstór mynd. Samt finnst mér, að veggteppi eigi að vera stór og þung. Hvað litunum viðvíkur, þá er erfitt að gefa greið svör. Þeir grípa svo víða hver inn í annan. Aðallitirnir eru grænn og blár og svartur. Klæðið nýtur sín því

engan veginn í svartri og hvítri prentmynd.

Það er oft mjög erfitt að fá band í þeim litum, sem maður hefur hugsað sér í upphafi, og kemst ég því oft í vandræði vegna skorts á einhverjum lit. Verksmiðjúlitaða bandið íslenzka er því miður of fábreytt í litum og of ójafnt að gæðum til þess að gaman sé að vefa úr því, — eins og efnið er þó gott. Þá er helzt til ráða að lita það sjálfur, en það finnst mér allt of tímafrekt. Það er rétt eins og málarnir þyrftu að rífa alla liti sína sjálfir.

— Er langt síðan þér byrj-



Ásgerður E. Búadóttir.

Hér á síðunni er viðtal við hana.

uðuð að vefa? Lærðuð þér það kannski í Listaháskólanum í Kaupmannahöfn?

— Nei, þar var ég við teikni- og málaranám í þrjú ár hjá prófessor Lundström. En eftir að ég kom heim, fór ég á vefnaðarnámskeið hjá Guðrúnu Jónasdóttur. Ég hafði of lítið hús- rúm til að mála, og í ullinni þóttist ég finna efni, sem hæfði mér. Það er reglulega skemmtilegt að vinna úr ull. Þegar maður hefur heimili og börn, er líka miklu þægilegra að hlaupa frá vefstólnum en litunum.

Mér hafði orðið starsýnt á dúkinn á borðinu fyrir fram- an okkur og spurði hvernig hann væri unninn.

Vinkona Ásgerðar úti í Kaupmannahöfn hafði búið hann þannig til, að hún skar mynztrið úr í kartöflu og þrykkti með sérstökum lit (sem Ásgerður kveðst raunar hafa séð í verzluninni Pensillinn) á hvítt hör- léreft.

Með ótal spurningum kemst ég að því, að Ásgerður hefur einnig fengið „svolítið“ við að myndskreyta bækur og teikna bókakápur. Stundum notar hún þann hátt að klippa og líma upp formin í staðinn fyrir að teikna þau og mála á flöt.

— Mamma komdu, ég vil fara að sjá lömbin, kveður nú við.

Þriggja ára snáða finnst lömbin sýnilega miklu skemmtilegri en allt tal um listvefnað og form. Og þegar hann þarfnast mömmu sinnar, verður auðvitað allur vefnaður og öll list að sigla sinn sjó.

Ég flýti mér því að kveðja.



Hoegner forsætisráðherra í Bayern afhendir fulltrúa „Ísl. listiðnaðar“ verðlaunapening fyrir myndvefnað Ásgerðar Búadóttur.